



ÍÞRÓTTABANDALAG HAFNARFJARÐAR

Hafnarfirði, 22. apríl 2025.

Efni: 54. þing ÍBH - þingboð

Ágæti formaður

54. þing ÍBH verður haldið þriðjudaginn 27. maí nk. í samkomusal Ásvalla og hefst stundvíslega kl. 17:00 og áætluð lok eru kl. 21:00.

Þau mál sem aðilar ÍBH óska að verði á dagskrá þingsins, skulu berast skrifstofu ÍBH í síðasta lagi tveimur vikum fyrir þingsetningu, þ.e. mánudaginn 12. maí nk.

Í þinghléi verður boðið uppá léttar veitingar.

Með bréfi þessu fylgir kjörbréf sem skila þarf til ÍBH 12. maí nk. Fulltrúafjöldi hvers aðildarfélags er meðfylgjandi á sérblaði.

Aðildarfélög ÍBH eru beðin um að senda með kjörbréfinu tilnefningar í stjórn ÍBH fyrir næstu tvö ár. Hvert aðildarfélag hefur heimild til að tilnefna tvo frambjóðendur í stjórn ÍBH sem ekki mega vera af sama kyni (fullt nafn og kennitala). Kosið er um átta stjórnarmenn. Hvert aðildarfélag má eingöngu hafa einn stjórnarmann í stjórn.

Framboðum til formanns ÍBH þarf einnig að skila inn til skrifstofu ÍBH fyrir 12. maí nk.

Virðingarfyllst,

Hrafnkell Marinósson formaður ÍBH